Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bréf og kort til Bjarna: Bréfritari Ragnhildur Benediktsdóttir systir hans, nóvember 1930 til nóvember 1931

Bjarni Benediktsson – brot - stjórnarskráin – skoðanir –grein - Pálmi – Egill – Sölvi –Þorleifur – Sigga frá Lundum - skólareglur – skólafundur - ver mótmælum allir – brottrekstur – innflúensa – veikindi – 1000.00 krónur – krónan muni falla –

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 3-1, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 25. nóv. 1930.

Elsku bróðir minn!

Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir brjefið, en því miður get jeg nú ekki skrifað þjer almennilegt brjef núna, því að jeg hefi engan tíma til þess. Jeg er nefnil. búin að bíða í tvo klt. í bankanum eftir ávísuninni og fekk hana nú loks. Jeg tók 910 kr. út bankanum, eins og þú talaðir um, svo þú átt eftir 986,20 kr.

Jeg er mjög þakklát fyrir minn hluta.

Það er nú annars fátt til tíðinda hjer, en samt get jeg nú skrifað þjer hitt og þetta, þegar jeg hefi tíma til, en jeg verð að hætta núna.

Bið að heilsa F.P. ef þú skrifar henni.

Vertu nú vel, Bjarni minn, mamma og pabbi biðja kærlega að heilsa.

Þín Ranka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg þakka
þjer fyrir kortið.
mér þótti svo vænt um það,
bróðir minn, hvað þú varst
góður við mig, að senda mér
það. Sveinn er kominn með
mikið [illegible] Klessater
komdu með berin Borgar-
fjörð.
Ránka

[illegible] Länge 144,78 Meter
Breite 16,76
Tiefe 10,36
Brutto-Tonnengehalt [illegible]162 Tons
Kraftentwicklung [illegible]800 PS.
Fahrgeschwindigkeit: ca. 15,5 Seemeilen [illegible] Stunde.
Verkehrt zwischen Hamburg-Brasilien.
Passagiere: 20[illegible] erster Klasse [illegible] Klasse
80[illegible] dritter Klasse im Zwischendeck
zusammen 1100 Passagiere
Besatzung: 200 Offiziere und Mannschaften
1300 Mann im ganzen.

Verlag A. Friedrich, Hamburg I.

Herra
Bjarni Benediktsson
Lundum
pr Borgarnes

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 30. nóv. 1930.

Elsku Bjarni minn!
Það er nú líklega mál til komið að jeg skrifi þjer, því að það var nú ekkert brjef, sem jeg skrifaði þjer seinast. – Það gengur alt heldur ~~rólega~~ rólega í skólanum. Reyndar var nú einn strákur, hann Sigurbjörn, sem borðar hjá honum Helga Helgasyni, þú manst víst eftir honum, rekinn úr Heimavist; hann kom nefnilega aldrei heim á næturnar, en það er lokað kl. 10 og þar eftir kemst enginn inn, nema sá, sem hefir leyfi rektors, en auðvitað er ómögulegt að fá leyfi á hverju kvöldi. Síðan strákurinn var rekinn úr heimavistinni, kemur hann að jafnaði í skólann 3 daga á viku. – Það hefur nú líka verið mikill hiti í sumum út af stráknum, sem rekinn var úr skólanum á Akureyri. Vildu sumir, að skólinn sendi áskorun til Sigga gráa, eins og hann var nú nefndur, og skólanefndar um það, að taka strákinn aftur í skólann, en tillagan var feld. Sá sem aðallega barðist með þessu var Egill, sonur hans Geira, sem var í Engey forðum. En aftur var A.-d. Sölvi Blöndal á móti, svo að það mættust tveir góðir, en altaf sigrar Sölvi. Þeir voru báðir í kjöri við inspectors kosninguna í haust, og var Sölvi kosinn. Það sem þó allir voru sammála um var það, að það væri brot á Stjórnarskránni, að banna

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mönnum (!) að láta í ljósi skoðanir sínar á prenti.
Það var nýlega grein í „Verklýðsblaðinu“ um það, að sögukennarar væru mjög hlutdrægir um stjórnmál í kenslu sinni, og var vandi magisterinn okkar tekinn sem dæmi. Hann á að hafa hælt mjög Napóleon, en skitið út Rússland. Jæja, það var nú farið að tala um þetta á skólafundi í sambandi við brottreksturinn frá Akureyri, og sagði Egill, að allir sínir sögukennarar hefðu reynt að hafa pólitísk áhrif á nemendur. Pálmi var afarreiður, svo að hann slepti sjer alveg, og sagðist krefjast þess, að Egill nefndi dæmi, en það vildi hann ekki, svo að þetta datt alveg niður. Annars er þetta nú skrítið, því að eftir því sem maður hefur haldið, þá er Pálmi kommúnisti og Egill líka, en þeim kemur afar illa saman. — Nú var Fjölnis-ballið í gærkveldi, jeg fór þangað og skemti mjer alveg ljómandi vel, annars hefi jeg ekki farið á neitt ball fyr í vetur. Því ert að tala um einhverja skjaldböku, heyr á endemi! Annars held jeg að það sje við þetta sama og vant er [með LHB og fleiru!]. Ætlar Fríða Proppé að skreppa til Þýskalands í jólafríinu, eins og sumir? Það verður svei mjer gaman fyrir þig, og þú skalt ekkert vera feimin við að segja frá því.
Nú er jeg viss um, að þjer finst nóg komið af svo góðu í bráðina, og held jeg því, að best sje að hætta. Þú skrifar mjer nú vonandi bráðum aftur. Vertu marg blessaður og sæll

þín Ranka

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 15. des. 1930.

Elsku Bjarni minn!

Jeg hefi nú mjög lítið að segja núna, en ætla nú samt að skrifa þjer það, sem jeg get. Það er ekkert sjerstakt að frjetta úr skólanum, nema það, að Óli Dan hefur skrifað grein, sem hann kallar „Málafarganið", og var hún til umræðu á síðasta fundi í Framtíðinni. Nokkrir kennarar voru á fundi, en ekki tóku aðrir til máls af þeim, nema Óli Pálmi og Þorleifur gamli. Þorl. gerði nú lítið annað en að afsaka samkennara sinn fyrir það, að hann hefði skrifað greinina í reiði sinni yfir því, að stærðfræðin var afnumin úr Máladeild. Dr. Óli kom ekki með neitt annað en það, sem stóð í greininni. Jæja, það töluðu auðvitað margir strákar, og voru þeir hver með sinni deild, sem von var, svo að það varð eiginlega ekki komist að neinni sjerstakri niðurstöðu um málið. Reyndar voru flestir sammála um, að best væri að latína væri kend í stærðfræðisdeild og stærðfræði í Máladeild, þó með betra fyrirkomulagi en áður var. Þjer finst auðvitað ekkert gaman að þessu hjali, en þú verður að hafa það. Nú eru allir kennararnir að flýta sjer að hafa skriflegt ~~fyrir~~ jólin, nema Bogi, hann er eflaust hræddur um, að við stöndum ~~ekkert~~ ekki of vel, og svo er hann nú í óða önn að skrifa doktorsritg.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sína. Annars skilur enginn í karlinum að vera að þessu, því að það er ómögulegt að hann fái það. – Nú kennir Snæi okkur íslensku, og er það alveg ólíkt skemtilegra, heldur en að hafa „kerlinguna", sem við höfðum í fyrra; en nú er hún farin að kenna ísl. í 1. bekk.

Jeg held bara, að það sje ekkert, sem jeg veit, og þjer finst skemtilegt að heyra, nema ef það væri það, að það er altaf mikið að lesa hjá okkur. Nú er franskan á hverjum degi, og latína á hverjum degi auk alls annars, svo að það er svo sem altaf nóg.

Það fer nú sjálfsagt að koma nóg, en einu verð jeg þó að bæta ~~og~~ við, sem þú ekki mátt láta bera á að þú vitir, því að í rauninni á enginn neitt að vita um það. Sigga frændkona okkar, frá Lundum, kom suður nýlega, til þess að gera út um, hvort hún átti að gefa jáyrði sitt við bónorðsbrjefinu sem hún fekk frá Kristjáni, bróður Jóns Auðuns [alþm.]. Og samdist svo um með þeim, að þau eru nú trúlofuð. Þetta þykja afar merkileg tíðindi hjer hjá þeim, sem vita um þetta, ~~og~~ það er áreiðanlega satt.

Jeg hefi nú ekki meira að skrifa af svo góðu núna; jeg vonast eftir brjefi frá þjer bráðum.

Svo óska jeg ykkur Rúti gleðilegra jóla og nýárs.

þín Ranka

Þú áttir að segja mjer, hvort þú hefur fengið ársumina.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 24. jan. 1931.

Elsku Bjarni minn!
Jeg var nú að fá brjef frá þjer, sem jeg þakka mjög vel fyrir. Satt að segja var jeg orðin alveg úrkula vonar um að fá brjef frá þjer, en nú er mjer ljettara um hjartaræturnar. Jeg er nú hrædd um, að jeg geti ekki skrifað neinar skemtilegar frjettir, en það verður að hafa það.
Í skólanum gengur alt sinn vanalega gang. Tveir strákar í minum bekk (hm) hafa það fyrir sið, að skrópa 3-3½ eða 4 daga í viku, og er það gott að sumu leyti, því að Páll Sv. ætlar að hafa skriflega frönsku, en hann vill að allir sjeu, svo hann er búinn að bíða lengi eftir tækifæri þegar allir eru viðstaddir, en ~~það~~ hann þarf víst að bíða lengi enn.
Pálmi er altaf eitthvað að ybba sig og er oft ~~svo~~ fýlulegur, að allir eru hræddir við hann. Jeg er hrædd um, að hann missi álit hjá nem. með degi hverjum. T.d. hefur hann það fyrir sið, að rjúka á stráka fram á göngum eða ~~á~~ inni í stofum, frammi fyrir öllum, og skamma þá fyrir að koma of seint eða eitthvað þess háttar. Það eru alveg orðnar úr móð þessar gömlu, hátíðlegu, rektorsáminningar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svo er nú Pálmi svo gerðvondur, að það er alveg ótækt. Fyrir nokkrum dögum var Ármann, gamall ~~st~~ bekkjarbróðir minn, því hleypur að muna eftir honum, hann er alltaf með Steina og Gutta, — að ganga inn eftir ganginum í skólanum og fór hann í mesta meinleysi inn í stofu. Þetta var í frí-mínútum, og var Á. með húfuna á hausnum; en þegar hann kemur inn í stofu, þá er Pálmi þar fyrir og spyr hann hvort hann vilji ekki taka húfuna ofan. „Síðar", segir Árm. og labbar fram á gang. Pálmi hleypur þá á eftir honum og húðskammar hann; segir, að hann borgi ekki Þjóðvegagjald eða Bæjarsjóðsgjald og að hann kunni enga mannasiði. Sagði hann Á. svo að skammast sín og ~~stun~~ snauta burtu og hann þyrfti ekki að koma í skólann fyr en hann hefði lært mannasiði. Svo ~~fór~~ fór nú Ármann. En þegar hann var farinn, þá kom Pálmi, sótsvartur, inn í stofu og segir umsjónarm. að skrifa í fjarvistarbókina, að Árm. sje bönnuð skólavera um nokkurn tíma. Þá fyrst áttuðum við okkur á því, að þetta væri alvara. Urðum við nú afar vond, og vorum öll, að einum strák undant., samtaka í því, ~~að~~ að þetta væri misbeiting á valdi rektors, og í raun og veru ætti hann ekkert með að reka Á.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II.

fyrir þetta afbrot. Ætluðum við nú að neita að fara í tíma fyr en Örn. fengi uppreisn æru sinnar. Bogi átti að vera í tíma hjá okkur, og þegar hann sá, að við ~~[illegible]~~ vorum eitthvað uppreisnarleg, þá sagði hann, að við skyldum bara vera róleg, hann færi ekkert að reka okkur heim. Við settumst nú í tíma, og viti menn, eftir svolitla stund kemur Ö. blaðskellandi inn. Hafði hann þá hitt Gutta og Steina (þeir eru í stærðfr.deild) og sagði þeim sínar farir, en satt að segja, þá tóku þeir þetta ekki alvarlega frekar en aðrir, og fara með Ö. til Pálma, sem enn var að róla frammi á gangi. Segjast þeir nú vera búnir að kenna Örn mannasiði. Pálmi segir, að hann geti þá farið inn aftur. Auðvitað var þetta mjög asnalegt af strákunum, því að Pálmi hefði ekkert getað gert Örn, enda dauðsáu þeir eftir því. Svo var nú ekkert meira með það, en okkur þótti öllum leiðinlegt, að hann skyldi koma strax aftur. Svo leið nú og beið, þangað til eftir hádegi, þá í frímín. kom Pálmi líka að reka okkur út. Örn hafði húfuna á hausnum eins og endranær og þegar P. sá það, þá umhverfðist hann alveg. Hann rak nú Örnann aftur heim. Örn spurði, hvort það stæði í nokkru

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um skólareglum, að ekki mætti hafa húfurnar í frímín.
P. sagði, að það stæði í alm. kurteisisreglum, eins og t.d. það, að ekki mætti snýta sjer með fingrunum. Þá fórum við krakkarnir að hlæja, því að okkur þótti hann særa fyndinn, en hann varð helmingi verri, ~~og~~ barði í borðið og skipaði Ara að hypja sig tafarlaust á burtu; og ekki nóg með það, heldur elti hann Ara fram á gang. Spurði þá Ari, hvort hann ætlaði að fylgja sjer til dyra, og kvaðst Pálmi ætla að sjá hann fara út úr skólanum. — Jæja, nú var hringt inn, og við vorum nú öll samtaka um að fara ekki í næsta tíma. Svo kom Smári, en við gengum þegjandi fram hjá honum og sóttum kápurnar okkar. Kallaði hann þá á okkur og spurði hverju þetta sætti. Við sögðum honum nú upp alla söguna. Hann bað okkur nú ekki flana að neinu, heldur athuga vel málið, og skyldum við nú koma í tíma. Við þverneituðum því, en stóðum uppi við púlt og ræddum um málið við Smára. Þegar helm. af tímanum var liðinn, ~~[illegible]~~ kom Pálmi alt í einu inn og spurði, hvað hjer væri um að vera, hvort við ætluðum ekki að vera í tíma. Smári sagði, að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III.

reyndar öllum við að vera í tíma, en hann sagði ekkert við okkur, og sögðum við svo Pálma ástæðuna. Eftir mikið þref og munnhögg á báða bóga fórum við samt í tíma, því að okkur skildist, að við gætum ekkert aðhafst fyr en búið væri að hafa kennarafund, og sagði Pálmi, að hann myndi þá líkl. verða daginn eftir. Pálmi var nú líka orðinn mikill blíðari, sagði hann, að hann hefði aldrei rekið Ármann (en þar laug hann, að því vorum við öll vitni) heldur hefði hann sagt, að hann yrði að haga sér ~~at~~ eins og maður meðan hann væri í skólanum, en þar laug hann líka, því að hann rak Árm skilyrðislaust. Við sáum nú, að best væri að bíða átekta og vita hvað skólafundur segði um málið. — En svo þegar Árm. kom heim og sagði mömmu sinni, að búið væri að reka sig úr skóla, þá vildi hún vita, hvernig í þessu lægi. Hringdi hún því til Pálma og spurði, hvernig þessu væri varið. Sagðist þá P. aldrei hafa rekið Ármann, og væri Á. velkominn í skólann hvenær sem væri, tók hann svo til að hrósa honum fyrir andlega og líkamlega yfirburði. Þannig fór um sjóferð þá. Hefur Ármann

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

síðan komið í skólann eins og ekkert hafi í skorist. Kemur flestum saman um það, að Pálmi hafi gugnast eftir þessari gremju sinni og verið því fegnastur að málið fór ekki lengra, því að alveg er óvíst, hvort kennarar hefðu álitið það brottrekstrarsök að vera með húfu í frímínútum. Enda eru margir aðrir ósiðir meira áberandi en þessi hjer í skólanum, að minsta kosti skrópin.
Þetta er nú orðið miklu lengra, en jeg ætlaði í fyrstu og veit jeg ekki, hvort þú nennir að lesa það alt, enda er það varla merkilegt, úr því að það fór svona, en það er bara dæmi uppá virðinguna fyrir rektornum og ber vott um, að honum er ekki alveg alvara með alt, sem hann segir.
Body bauð okkur heim til sín s.l. laugardag. Það voru þessir venjulegu boðsgestir hans, jeg, Vala, Lauga, Didi, Gutti, Steini og Örn. Það var nú gaman hjá honum að vanda.
Flestir mikilsmetnir menn hjer í skólanum eru kommúnistar. Jeg er nú eins og svo margir aðrir, að jeg hefi enga skoðun sjálf á málunum, en samt get jeg ekki annað en verið á sama máli og þeir, sem best tala. Jæja, jeg verð nú líklega að hætta, jeg þarf að læra þýsku orða- belgbiðunna hans Jóns.
Vertu nú sæll, þín Ranka

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 2. mars.

Reykjavík, 30. jan. 1931.

Elskulegi bróðir minn!
Þótt jeg nú sendi þjer brjef þetta, þá er það þó eiginlega til ykkar beggja, þín og Bjarna. Eins og þið nú sjáið, þá get jeg ekki skrifað ykkur þetta í tveim brjefum, en þó vona jeg að hvorugur ykkar fyrtist.
Jæja, eins og jeg skrifaði í gær, þá stóð þetta deilumál þá þannig, — kennarar leggja fram tillögu til b. b. b., þar segir, að aðalatriðið í deilu þessari sje, hvorir eigi að ráða kenn. eða nem. Gera þeir svo strákunum þá kosti, að viðurkenna það, að hlýða kennara og skólareglum og sömuleiðis að játa brot sitt, þá verði þeir aftur teknir í skólann. — Strákarnir segja, við höfum brotið það, að vera á móti tillögu Pálma Hannessonar, en það er ekkert ~~aff~~ afbrot, sem við getum viðurkent. Því sendu þeir í gær brjef til kennarafundar, þess efnis, að þeir viðurkendu og lofuðu að hlýða kennurunum og skólareglum, en þeir gætu ekki játað það brot, sem þeir aldrei hefðu framið.
Jæja, flestum fanst, að kenn. hlytu að ganga

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þessu, og það með væri málið útkljáð, en það fór nú á annan veg. Kennarar segjast ekki slaka neitt til. Nú jæja, svo var haldinn skólafundur í dag kl. 2.40 og þar var samþ. með yfirgnæfandi meiri hluta, að fara ekki í skólann, næstu tvo daga að minsta kosti, hvað sem síðar kann að verða; 13 voru á móti, og fara þeir þá í skólann á morgun, en þeir á við og dreif úr öllum bekkjum, jeg held, að þið kannist ekki við þá, nema þá helst Magga Runólfsson. Það er líklega best, að tala meira um skólafundinn. Hann stóð yfir til kl 5,45, svo að þið getið nú rjett ímyndað ykkur, að margt var sagt, en það er ekki hægt að lýsa því skriflega, þótt jeg fegin vildi. Fyrst tók til máls Sölvi Blöndal, hann er inspector scholae, sagði hann, að fundarm. væru beðnir að bíða svo litla stund, til þess að hinkra við eftir rektornum, hann hefði talað um að vera á fundi þessum en nú væri hann út í bæ og kæmi ekki. Samul. tók hann það fram, að kenn. hefði verið boðið á fundinn, en hjer voru þá 4 kennarar, Þorleifur, Páll Sv., leikf. kennarinn og bókfærslu kennarinn, seinna komu Einar Magg og Bardi. Loks, þegar búið var að bíða í 20 mín. var byrjað á umr.. Lýsti Sölvi yfir því, að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/

kennarar myndu ekkert slaka, en nú hefðu menn samt rjett höndina til kennara til þessað sættast, en þeir vildu engar sættir, heldur sátu fast við sinn keip. Já, en í því kom Pálmi inn. Fór þá Sölvi að yfirheyra rektorinn og spyrja hann, hví hann hefði ekki komið fyrri. „Jeg þurfti að vera annarstaðar“, segir sá „ákærði“. [því að í raun og veru leit helst út fyrir, að Sölvi væri dómari að spyrja sökudólg.] „Það er engin afsökun“, ansaði Sölvi. „Þarf jeg að standa ykkur reikningsskapar á því, hvar jeg er?“ spyr P. „Yður var harla kunnugt um fund þennan og það, að við óskuðum eftir því, að þjer væruð viðstaddur“ segir S. „Já, en jeg var á fundi annarstaðar, var hringt til mín kl. 2 og jeg beðinn að koma þangað“, segir P. „Jæja, ekki var kl. orðin 2, þegar jeg sagði Pálma Hannessyni, að hjer ætti að vera skólafundur kl. 2^{40}, og þykir mjer kynlegt, að hann skyldi þá lofa að fara á annan fund líka.“ Svo voru nú ekki þessar yfirheyrslur meiri. Margir skörulegir menn tóku til máls og allir ámæltu Pálma fyrir framkomu hans í máli þessu. Meðal annara voru tveir synir Þorleifs, Leifur í 6. B og annar í þriðja bekk, Egill, sonur Geirs í [illegible],

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnar Möller, Sigurbjörn Einarsson og margir, margir fl. annars talaði Sölvi alltaf á milli og langmest. Fjelt Pálmi tvær lítilfjörlegar ræður. Þorl. hjelt stutta ræðu, og fanst honum báðir hafa nokkuð til síns máls-staðar. Var meðal annar um það rætt, að lítið væri orðið úr loforðum, sem Pálmi Hannesson hefði gefið í fyrra, honum væri ekki mikið fyrir að svíkja þau. Lítið væri orðið úr sannleiksást og ást rektors á því, að hala afdráttarlaust fram sinni meiningu, þar sem hann ræki menn fyrir að vera á móti till. frá honum. Lítið væri nú orðið úr loforðunum um það, að nem. mættu bera fram sínar tillögur um kensluna og svo frv. og frv. Yfirleitt var farið afar illa með Pálma. Meðal annar spurði Sölvi hann að því, hvort upp-runalega deilan við Pál Sv. hefði verið útkljáð, og kvað Pálmi nei við því. Sölvi kvað það afar kynlegt, að Pálmi skyldi segja þetta, því að einn nem. hefði farið til Páls og spurt hann, hvort deilan hefði verið jöfnuð, og kvað Páll já við því. Annars er ekki hægt að fara svona nákvæml. út í einstök atriði, en Pálmi vildi helst ekki vera inni og varð Sölvi einu sinni að sækja

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/

hann. Að lokum, sagði Sölvi, að í þessum sama sal, þegar kúga átti Ísl., hefði Jón Sigurðsson sagt, „vjer mótmælum allir, já, vjer mótmælum allir". „Eins segi jeg, vjer mótmælum allir." Var því næst borin upp tillaga um það, hvort fundarmenn vildu samþykkja það, að strax yrði hafin atkvæðagreiðsla í málinu, hvort þeir ~~væru~~ væru með því, að gera samúðarverkfall í tvo daga, eða móti. Nú dygði ekkert hlutleysi, annað hvort já eða nei. Voru nú 13 á móti, en sjálfsagt 130–150 með, en ekki var það ekki talið. Var nú samþ. að reka þessa 13 af fundi og fóru þeir. Pálmi hafði ekki verið ~~og~~ inni, er þetta gerðist, en kom nú inn all-illilegur. Sölvi spurði, hví hann væri hjer kominn. Pálmi kvaðst hafa heimild til þess að sitja á skólafundum, ~~og~~ en ella gæti hann neitað um salinn. Var hann svo að vola innan um okkur, ~~a~~ reyndar brosandi ískyggilega, en áreiðanlega afarreiður. Var nú svo fyrirmælt, að við skyldum öll koma að skólanum, í bak-portið, á vanalegum skólatíma í fyrramálið, auðvitað ekki hafa bækur með okkur, heldur tala saman ráðum okkar og halda á brettu síðan.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef Tilkemur, og strákarnir verða ekki teknir í skólann, þá taka þeir líkl. ~~ga~~ stúdentspróf á Akureyri, því að sá, sem rekinn er úr öðrum skólanum, má taka próf í hinum. Jæja, ~~j~~ jeg ætla nú að hætta í kvöld, en held líklega áfram bráðlega.

31. jan.

Ekkert hefur enn gerst í málinu. Við komum 120 að skólanum kl. 8^{15} en hjeldum svo burtu. Um 30 komu í skóla og þar af voru margir reknir og sumum fylgt í skólann.

Annars má jeg ekki vera að að skrifa meira núna, jeg heyri að skip eigi að fara mjög bráðum.

Vertu blessaður og sæll, þín

Ranka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Cand. jur.

Bjarni Benediktsson.

Þegar jeg hugsa mig betur ? —
um, þá held jeg, að jeg verði
að senda þetta fyrst til Pjeturs,
því að jeg nenni ekki að fara að
tvískrifa það sama. Samt bið jeg
auð-mjúklega fyrirgefningar. B

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. febr. 1931

Elsku Bjarni minn!
Jeg ætla ekki að skrifa mikið, hefi ekki tíma til þess.
Jeg sendi hjer bækurnar, eða kortin, það kostaði 5 kr, jeg vona að þú reiðist ekki, þó að jeg hafi sóað svona miklu af þínu fje. Jeg er ekki enn búin að taka það út úr bókinni, en geri það við tækifæri.
Jæja, vertu sæll,

þín Ranka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifað aftur 2. mars. '31

Reykjavík, 18. febr. 1931.

Elsku Bjarni minn!
Það er nú orðið nokkuð langt síðan jeg hefi skrifað þjer, en jeg bið þig auðmjúklega fyrirgefningar á því. Hjeðan er nú annars ekki margt að frjetta, alt er með kyrrum kjörum í skólanum, eins og ekkert hafi ískorist, nema hvað nokkrir strákar eru farnir úr heimavist, þeir vildu ekki vera undir sama þaki og „facistinn“ Pálmi Hannesson. Pálmi er annars mikeu bliðari en hann var fyrir „uppreisnina“, enda má nú ekki mikið útaf bera til þess að ekki verði alt vitlaust aftur. Nú er Ragnar frændi vor búinn með prófið. Hann fekk 124 1/3 stig. Hefir hann nú fengið stöðu hjá Sambandinu, sem Jón Guðmundsson hafði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áður. Ekki tókst Ragnari að slá þig út, þó það nú
eiga væri! Af því að jeg veit nú, að þjer finst gaman
að frjetta um gamlar vinkonur þínar, þá ætla jeg
að gleðja þig með því, að Gunna Sig. er orðin
þingskrifari, gæti jeg best trúað, að hún næði nú
í einhvern þingmanninn. Silla er altaf á
skrifstofunni, og er nú orðin mjög æfð, svo að
jeg er viss um að þið getið sett upp sameigin-
lega skrifstofu, þegar þú kemur heim. Þú
ættir nú að biðja að heilsa henni í næsta bréfi
eða þá skrifa henni sjálfur, það væri auðvitað
langt best. — Í vor, þegar við erum búin í próf-
inu, förum við, sem erum í 5. bekk, líklega
að fara norður í Mývatnssveit, nema samkomu-
lagið við Pálma versni enn þá meira. Það getur
orðið gaman, því við erum alveg mátulega
mörg í bekknum, 19 alls. Guðmundur, prófessor,
Bárðarson fer þá líklega með okkur.
Þú manst víst ekki eftir strák, sem jeg oft

sagði þjer frá í fyrra, hann er kallaður Gvendur
stóri. Í fyrra var hann í 4. bekk, en las 5. bekk í
sumar, og er nú í 6. C. Það var hann, sem í
fyrra var einna hamrammastur á móti
Frk. Önnu Bjarnad. Nú er hann orðinn mikill
óvinur Pálma, og er einn af þeim, sem hafa farið
úr heimavistinni. Pálmi sjálfur er svo reiður
við strákinn, að hann vill ekki tala við hann
nokkurt orð. Á einum fundinum, sem var út
af þessu „uppreisnarmáli", sagði Pálmi, að
þegar hann hefði verið búinn að vísa þessum
fram strákum út, þá hefðu hinir litið
hver á annan og farið svo út á eftir. Gvendur
sagði, að þetta væri hrein og bein ~~lyg~~ lygi,
þeir hefðu alls ekki litið hver á annan, að
minsta kosti hefði hann horft fram fyrir
sig, eins og hann hefði gert áður. Allir, sem
þekkja Gvend, trúa því, að hann hafi horft
fram fyrir sig og farið þegjandi út, því

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann er afar forneskjulegur og stamar oft framfyrir sig. — Jeg var nú vjett í þessu að fá brjef frá þjer, sem jeg þakka hjartanlega fyrir. Þú biður mig, að segja þjer ýtarlega frá endalokum þessa mikla skólamáls. Jeg hefi nú ekkert nent að skrifa um það, því jeg sendi ykkur blöðin. En samt er alveg áreiðanlegt, að ef til hefði komið, þá hefði mikill meirihluti farið úr skólanum, því Sölvi var svo ágætur foringi. Margir þeirra, sem í skólann fóru á laugardag, voru komnir í lið með okkur, þar á meðal forsprakkinn, Mangi Runólfs. Auðvitað hefðu nokkrir verið reknir í skólann, en það hefðu ekki verið fleiri en c. 50. Margir krakkar voru reknir á laugard. Jessen kom með tvo krakka sína og fylgdi þeim inn á gang, þar sem Pálmi tók við þeim, og sagði: „Helvedes Ungene mine skal gaa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II.

í skólan. Svo voru ýmsir fleiri, sem ýmist voru reknir eða á þeim var fyegt í skólann. Við komum öll ofan eftir á vanalegum tíma, og var Pálmi afarreiður, enda þótt hann væri brosandi. Rak hann Söhr út úr skólahúsinu, fór þá Söhr út fyrir, Pálmi skipaði honum þá að fara af lóðinni, en Söhr sagðist ekki fara, sagði Pálmi þá ekkert nema þetta vanalega So-oo. Einsog jeg skrifaði, þá varð Pálmi sjer til stórkostlegrar skammar á öllum fundum. Einu sinni var verið að skamma hann fyrir öll loforðin, sem hann gaf í fyrra, en er nú búinn að svíkja. Sagði Pálmi þá, að það hefði nú líka verið dálíð önnur aðstaða, sem hann átti í fyrra, þá hefði hann bara verið settur. Það er nú líka auðsjeð á framferði hans nú, að hann er ekki settur núna.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pálmi ljet segja í útvarpið, að við hefðum látið undan. Ekki finst okkur það rjett, því að kennararnir slökuðu á sínum tillögum enda þótt Pálmi hefði marg-marg-sagt, að kennarar ~~slökuðu ekkert~~ myndu ekki slaka til. Annars eru margir óánægðir með úrslitin.
Mjer finst vænt um, að þú skulir vera svona rjettsýnn í málinu, þú skalt bara spyrja mig, ef þú vilt heyra ~~fl~~ meira af þessu, en nú þarf jeg að hraða mjer, því að skipið fer eftir 1/2 tíma.
Bækurnar, sem þú baðst mig að senda þjer (lagabækurnar) eru ekki enn komnar út.
Vertu blessaður og sæll, skrifaðu mjer bráðum aftur
þín Ranka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 30. 3. 1931

Reykjavík, 4. mars 1931.

Kæri bróðir minn!

Jeg ætla nú rjett að skrifa þjer, svo að þú sjáir, að við erum ekki dauð enn þá. Nú er innflúensa að ganga hjer í bænum, og er öllum skólum, bíóum og þ.h. lokað núna. Það er rúm vika síðan skólunum var lokað, og verða þeir sjálfsagt lokaðir enn í eina viku. Get jeg ímyndað, að kennurunum lítist ekki á blikuna. Pálmi vildi fá undanþágu með menta-skólann, og hafa hann opinn, en því var auðvitað ekki ansað. Stelpurnar, Ó. og G., hafa verið með hlaupabólu, og voru heldur aumar um tíma, en nú er þeim batnað. Mamma, pabbi og Ingibjörg, stúlkan að norðan, sem heldur hjer til hafa legið í flensunni, en þeim er líka batnað.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þú getur nú ímyndað þjer, að það er ekkert skemtilegt að komast aldrei á bíó eða ball, það er alveg ófært, finst mjer.

Inga litla og Sveinn eru saman, svona öðruhvoru, eins og þú nú sjálfsagt veist, kemur Inga stundum hingað heim.

Þekkir þú engan myndarlegan þýskan mann sem þú gætir útvegað mjer? Jeg er að verða alveg örkula vonar hjer heima. Ef þú hefur nokkurn áhyggju, þá láttu mig vita um það sem fyrst.

Nú er Einar, kaupmaður, Eyjólfsson farinn til Kaupmannahafnar. Hann var jafnvel að hugsa um að fara til Berlinar, en þekti þar engan, nema þig, og var hræddur um, að þú yrðir kannske ekki of blíður við sig, ef hann kæmi til þín.

Nú er svo slæmt veður hjerna, að varla er fært húsa á milli. Rósa gamla segist varla komast heim til sín, því hún fari á kaf í snjó.

Jeg held nú, að jeg skrifi þjer ekki meira núna, þú hefur ekki gott af því að fá of löng brjef, í einu. Mamma og pabbi biðja ástsamlega að heilsa þjer, en mega ekki vera að því að skrifa núna.

Þú skrifar mjer vonandi bráðum, þótt ekki sjeu nema nokkrar línur.

Vertu nú sæll, þín

Ranka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 29. maí 1931.

Elsku Bjarni minn!

Jeg ætla rjett að skrifa þjer fáeinar línur, til þess að þakka þjer fyrir brjef, sem jeg fekk frá þjer mínu. Jeg er nú loksins búin að kaupa Vöku og hæstar.dómana, og bið þig nú að fyrirgefa, hvað þetta hefur dregist lengi, en það er nú ekki alt mjer að kenna. Helgi á Safnhúsinu þóttist ekki geta fundið þetta hefti og svo dróst þetta altaf. Vaka kostaði 2 kr. Hæstar.d. kostuðu 5 kr., en af því að mjer finst jeg ekki geta tekið 7 kr. út úr bókinni, þá ætla jeg að taka 10 kr. og átt þú þá hitt til góða hjá mjer þangað til seinna. Það er víst best að segja þjer, hvað þú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

átt mikið, eða lítið, í sparisjóðsbókinni. Nú sem stendur áttu 1019,00, (en þar af tek jeg þessar 10 kr.). Á þessu ári hefi jeg tekið 20 kr út. 15 kr. borgaði jeg Guðm. Ólafs eftir skipun Baldurs, 5 kr tók jeg fyrir kortin Jaðrum. Bjarni Guðm. vill ekki við neinum peningum taka, þú veist víst hvernig því er varið. Ef það er eitthvað fleira, sem þú þarft að biðja mig um að kaupa, eð sem þú hefur þegar beðið mig um, þá, blessaður, mintu mig á það, jeg er orðin svo ógurlega gleymin á seinni tímum.

Jeg skrifaði þjer brjef fyrir rúmri viku, það var auðv. ómerkilegt, en jeg bað Ó. og G. að koma því á póstinn. Seggjast þau hafa gleymt því og týnt brjefsneplinum, sennilega þá hjer heima. Ef þú hefur ekki fengið það, þá ætla jeg að seggja þjer, að þar skrifaði jeg þjer, að þú hefðir fengið ~~alla~~ tvöfaldann styrk, 4000 kr., og læst enginn hafa heyrt að annað kæmi til mála með svona efnilegan mann, hvað sem aðrir fengju.

Jæja, jeg er nú að drast yfir bóka-rusli, því að nú fer prófið að byrja. Við erum reyndar búin með söguna og gekk hún furðanlega vel. Við fengum að taka hana með 5. bekk B, sem tók prófið á undan öðrum, og nú er búinn með það.

Jeg verð nú víst að hætta núna.

Vertu blessaður og sæll,

þín systir

Ranka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 23. júní 1931.

Elsku Bjarni minn!

Jeg ætla nú að reyna að skrifa þjer fáeinar línur til þess að bæta upp það, sem jeg hefi svikist um að skrifa þjer. – Nú er jeg komin aftur að norðan. Ferðin ~~x~~ var ákaflega skemtileg. Við lögðum af stað hjeðan á miðv.degi (sennil. 10 júní), með Óðni. Allir voru mjög sjóveikir á leiðinni, en það batnaði nú er við komum til Akureyrar. Þar gistum við eina nótt og hjeldum síðan út í Grímsey, þá voru Akureyringarnir með. Þar var ansi gaman að koma, en heldur var þar fátæklegt og sóðalegt. Síðan fórum við til Kópaskers. Þar fóru allir á land og gistum við hjá Birni Kristjánssyni um nóttina. Eldsnemma morguninn eftir var lagt af stað í bílum til Ásbyrgis. Jeg, og önnur stelpa til, varð eftir, mjer var þá svo ilt í fætinum, að jeg gat ekki hreyft mig. Það var samskonar í fætinum og jeg fekk í vetur svo að það var nú svo sem ekkert skemtilegt að verða svona þarna. Allir á Kópaskeri voru mjög almenni-legir við mig, og Kristján gamli kysti mig mörgum sinnum, þegar jeg fór (við komum þangað um kvöldið á kosningadaginn.) Jæja, frá Kópaskeri var farið til Húsavíkur. Þegar við komum að Hallbjarnar-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

staðakambi, vildi Gvendur planta endilega fara þar á land með allan hópinn, og varð hann að ráða, hvað sem hver sagði. Jeg og þrír strákar hjeldum samt áfram með skipinu til Húsavíkur. Strákarnir þurftu að kaupa mat, en jeg þurfti að láta gera við löppina. Þegar við komum til Húsavíkur, þá hitti jeg pabba þar. Jeg átti alls ekki von á því, því að á Kópaskeri var mjer sagt, að hann hefði farið þaðan nokkrum kl.t. áður en jeg kom þangað, með Esju, og hjelt jeg, að hann væri nú kominn til Akureyrar; en hann vissi um það, að við myndum koma til Húsav. og beið þess vegna eftir mjer. Jeg gisti hjá Þór. Stef. og konu hans, og voru þau mjög almennileg. Jeg hitti líka Arna Stefánssen, hann á hús rjett hjá Þórarni, og virðist honum líða vel. Hann sagðist nýlega hafa fengið brjef frá þjer, og var hann mjög hrifinn af því. Jeg hitti lækninn á Húsavík, og sagði hann, að jeg skyldi ekki fara lengra með fjelögum mínum, því að jeg mætti sem allra minst ganga. Varð það því úr, að jeg skyldi verða eftir, en „krakkarnir" fóru öll saman upp í Mývatnssveit og ætla síðan að fara landveg til Akureyrar, og var viðbúið, að þau þyrftu að ganga mikið – enda varð sú raunin á, að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II.

þau þurftu að vaða í snjó langar leiðir til þess að komast til Akureyrar. Jeg var í 2½ dag á Húsavík, þá kom Nóva og fórum við pabbi með henni. Jeg skemti mjer mjög vel á suður leiðinni, því að veðrið var ágætt, og samferðafólkið því betra, sjerstaklega einn norskur maður, sem var fjári skemtilegur og myndarlegur, en það er best að tala sem minst um það, hann er sjálfsagt einum 50 ára, og svo fer hann burtu á morgun. Jeg kom heim aftur á föstudagskvöld, 19. júní, og þótt jeg hafi nú ekki getað skemt mjer eins og ~~skyldi~~ skyldi, þá var þó ferðin mjög skemtileg í ~~flesta~~ staði, reyndar fanst mjer mjög leiðinlegt, þegar jeg var að kveðja krakkana og það var langt frá því, að mig langaði burtu frá þeim, en svona fór nú. — Jeg veit ekki hvort þú hefur nokkuð gaman af þessari upptalningu, en þú verður að láta þjer það nægja í þetta sinn.

Sveinn er nýbúinn að ~~kaup~~ fá nýtt rúm, sem hann keypti í Kaupm.höfn. Rúmið er mjög stórt og fínt, en Sveinn segir, að rúmið, sem þú sofir í sje um þá breiðara.

Jeg verð nú að hætta í bráðina, því að við mamma ætlum ofan í bæ að skoða kjólaefni handa mjer, hm, hvernig

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

líst þjer á óhófið? — Allir hjer heima og í fjölskyldunni eru mjög glaðir yfir því, að pabbi skuli ekki lengur vera á þessum „vargaklóm“, sem hann hefur nú lengi verið á. Ekki veit jeg, hvort þú lítur nú þannig á málið.

Jæja, Bjarni minn, jeg verð nú að hætta núna, en jeg skrifa nú fljótlega aftur.

Vertu blessaður og sæll, þín

Ranka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 2. ágúst.

Reykjavík, 20. júlí 1931.

Bjarni minn!
Jeg verð rjett að skrifa þjer örfáar línur til þess að segja þjer það, að í dag tók jeg 1000.00 kr út úr bók þinni og sendi þær til Pjeturs. Hjerna segja menn nefnilega, að krónan muni falla, og þótti okkur (mjer, mömmu og pabba!) því ráðlegast að senda út sem mest af fje ykkar, ef illa kynni að fara. Þú átt þá ekki eftir nema tæpar 10 kr., en ef þjer kynni að vanta eitthvað, sem þyrfti að borga hjer heima, þá get jeg hæglega lánað þjer það. Þjer finst þetta auðvitað asnalegt, en allur er varinn góður, og jeg bið þig nú um að verða ekki reiðan við mig fyrir tiltækið.
Jeg má nú ekki vera að að skrifa meira núna en jeg vona, að þú skrifir mjer álit þitt á þessu, en verðir nú ekki mjög harðorður.

Vertu sæll og blessaður

Ranka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 17. júlí 1931.   Svarað 26. júlí. 1931.

Góði bróðir minn!

Þó að lítið sje nú að segja í frjettum, þá ætla jeg samt að skrifa þjer fáeinar línur, svo að þú sjáir, að jeg er enn þá skrifandi. – Við erum svo forvitnar að vita, hvað þú eiginlega varst að gera í Kaupmh., að þú verður að reyna að svala forvitni okkar á einhvern hátt. – Öll fjölskyldan er svo hrifin af þjer og montin, að jeg veit ekki hvernig þetta endar alt saman, ef við það bætist, að þú verðir sennilega doktor, þegar þú kemur heim, en það er okkur sagt, að þú ætlir að verða.

Það eru nú altaf að koma skemtiskip hingað en aldrei hefi jeg haft tal af fólkinu. Í gær kom ~~tvær~~ hingað þýskt skemtiskip, og fór jeg um borð í það með Gunnu, Völu og Birgir Einarssyni, sem er í mínum bekk. Það var mjög gaman að skoða skipið og þótti okkur það afarskrautlegt. Ýmislegt undarlegt fólk var um borð, t.d. nokkrir Kínverjar (sennilega hásetar); ávörpuðum við þá á ensku, þýsku og frönsku, en þeir skildu ekkert, heldur bara hristu höfuðin.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á sunnudaginn var fór jeg í bíl með Helga Tómassyni, Kristinu, afa og Baldri, austur að Stokkseyri. Helgi þurfti að skoða einhvern mann, en ætlaði svo að hafa það rólegt og hvíla sig að öðru leyti; en, þegar austur kom var hópur manna, sem beið eftir Helga, og var hann allan daginn að athuga þá. Síðan fórum við til Eyrarbakka, en þar tók ekki betra við, þar hafði heyrst um komu hans og allir voru vitlausir að ná í hann, varð hann um síðir að lofa að koma fljótlega aftur og gera fólkinu betri skil.
Þú verður nú að segja okkur, hvernig því er varið með þessa Stokkhólms ferð þína, verður þú lengi þar? þú segir okkur alt of lítið, en ættir þó að þekkja forvitnina.
Frú Rósa biður ástsamlega að heilsa þjer, jeg hefi altaf gleymt að skila kveðjunni. – Já, jeg ætla að segja þjer, að það var alls ekki ætlunin að fara að snikja af þjer peninga, þó að jeg segði, að jeg hefði tekið of mikið út úr bókinni, og bið jeg þig fyrirgefningar, ef jeg hefi orðað það þannig.
Hefur þú ekki látið taka mynd af þjer þarna í útlandinu? Ef þú hefur gert það, þá verður þú að senda mjer eina, en annars ættir þú að láta gera það sem fyrst.
Jæja Bjarni minn, vertu blessaður og sæll
þín systir Ranka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. ág. 1931.

Reykjavík, 4. ágúst 1931.

Elsku bróðir minn!

Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjef, sem jeg fekk frá þjer í gær, já, og sömuleiðis þakka jeg þjer fyrir myndina, enda þótt jeg sje hreint ekki ánægð með hana, þú hlýtur að eiga betri mynd af þjer, og jeg veit, að þú verður nú góður bróðir og sendir mjer góða mynd af þjer frá útlandinu. — Hjeðan er nú mjög lítið að frjetta, og ber mjög lítið fyrir mig. Það helsta, sem fyrir mig hefur komið nýlega er það, að Red-body bauð okkur Völu til sín á laugardaginn var, og er óþarfi að segja frekar frá því, því að auðvitað er gaman að koma til karlsins, bæði ~~vegna~~ vegna þess, að hann gefur okkur svo mikið af sælgæti, sem okkur lystir, og svo segir hann okkur alla skapaða hluti, sem okkur langar til að heyra, alt veit hann.

Þú ert að tala um, að þessir kínverjar muni hafa skilið okkur, en ekki vitjað við okkur tala, en jeg er nú á annari skoðun, enda var nú líka karlmaður með okkur; en annars hefi jeg ekki þorað að tala við neina útlendinga, enda þótt mig dauðlangi til þess, eins og þú getur skilið.

Jeg er nú farin að læra að skrifa á ritvjel hjá frk. Cecilie Helgason [nú man jeg, að hún Silla biður að heilsa þjer], og næsta brjef, sem jeg skrifa þjer, er jeg að hugsa um að ritvjela.

Rósa gamla var mjög fegin að fá kveðjuna frá þjer, sagðist hún altaf hafa vitað, að hann Bjarni sinn myndi ekki gleyma sjer.

Fólk segir, að systkini okkar sjeu öll trúlofuð nema jeg og þú,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það er að segja, Sveinn, Pjetur og Stella, getur þú nú ekki glatt okkur með því, að þú komir nú bráðum upp með eina, svo að við þurfum ekki að vera lengur áhyggjur út af því, að þú „piprir". Þú manst, vonandi, að þú lofaðir mjer að útvega mjer einn þýskan, og jeg bíð alt af eftir frekari frjettum af honum.

Jæja, Bjarni minn, mamma ætlar að skrifa þjer núna, svo að það er best að hætta núna.

Stella biður að heilsa þjer. Vertu blessaður og sæll, þín systir

Ranka.

Svaraði kort 21. sept.

Reykjavík, 8. sept. 1931.

Elsku bróðir minn!

Jeg þakka þjer nú ástsamlega fyrir kortið, sem þú sendir mjer. Þú ert svei mjer fínn, það er ekki ofsögum sagt, sem fólk segir, þegar það segir að þú sjert orðinn svo fínn, að ótrúlegt sje. Ekki getur þú víst sagt mjer, hvort karlinn, sem situr í miðjunni fyrir aftan þig, ~~sje~~ norskur. Hann er nefnilega svo ákaflega líkur norskum manni, sem jeg var samferða með Nóvu í sumar. Þú verður að segja mjer það, ef þú veitst það. — Nú er Sveinn kominn að norðan, og í þetta sinn er hann víst alkominn. Jeg veit svei mjer ekki hvernig þetta er með hann og Ingu, ~~og~~ þau eru nú reyndar mjög

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

oft saman, en fjekk vill nú að þau fari að opinbera svo að móðursysturnar fái tæki-færi til að skoða hana vel. Ekki hefi jeg enn þá tilkynnt Deafin nefndarkosning-una, vegna þess, að jeg er ekki enn þá búin að útnefna neinn fyrir mína hönd, annars líst mjer nú vel á þetta fyrir-komulag.
Það er fyrir langa löngu búið að skrifa svar-grein við greininni, sem Gvendur planta skrifaði um norðurför Mentaskólanemanda, og lofaði Moggi að taka hana. En nú er greinin búin að liggja í meira en mánuð hjá þessum fíflum, og segja þeir nú, að greinin sje of skömmótt í garð friarinnar (Halldóru Sigga grá), en það er ekki satt, hún er ekki nógu skömmótt í hennar garð. Ekki veit jeg, hvort greinin kemst nokkurn tíma fyrir manna sjónir, en samt er það óskandi, því að hún er ágætlega skrifuð.
Nú er búið að jarða Kristján gamla. Rósa hjelt, að hann væri búinn að safna heil-miklum peningum, en þegar átti að fara og taka þá, þá fanst ekki nema lítið eitt, og heldur Rósa, að kerlinna hafi falið peninga einhversstaðar.
Þjer hefur víst þótt kynlegt, að við skyld-um hvorki skrifa þjer nje senda þjer blöð allan ágústmánuð, en okkur var sagt, að þú værir kominn til Kaupmanna-hafnar. Eitthvað fanst mjer nú eitka skrítið, þegar mamma fjekk tvö brjef frá þjer, í öðru sagðir þú, að þú færir til Stokkhólms, en í hinu, að þú færir ekki til Stokkhólms, heldur til Rínar-landa. Jeg vissi hreint ekki hvað jeg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ætti að halda um þig, eða hvergi jeg
ætti að trúa, en svo datt mjer það
snjallræði í hug að gæta að dagsetning-
unni, og úr því gat jeg farið að skilja
dálítið í því, hvernig í þessu lá.
Jeg ætla nú ekki að skrifa meira
núna. Vertu blessaður og sæll
þín systir
Ranka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Háteigi 19 september. 1931.

Svarað 11. okt. 1931.

Elsku bróðir minn!

Jeg þakka þjer innilega fyrir kortið þótti mjer fjarska væntum að fá það. Mín brjef eru svo leiðinleg að jeg hef ekki viljað vera að þreita ykkur ~~Pet~~ Pétur með þeim, „en af mésjöfnu þrivast börnin best“, og þar sem þú hefur i brjefi, skrifað 6 okt 1926. áminnt mig um að „sýna bræðrum mínum tilhlýðilega virðingu með því að skrifa þeim“ þá ræðst jeg i það þrekvirki að skrif þjer nokkur orð, enda þótt jeg hafi engar frjettir að segja.

Mjer líður ljómandi vel hef það eins

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og blóm í eggi, enda vikta jeg nú 63 kg
svo á því getur þú nú sjeð að jeg er
í góðum holdum. Í sumar þegar
Halldór var í Englandi fórum við frænka
á hverjum degi upp að Álafossi til þess að læra að
synda. Frænka syndir meistaralega vel
á bakinu, Dóra finnst best að synda
í kafi, Silla fór tvisvar með okkur,
hún gat ekki fleitt sjer þegar hún fór
ofani í fyrra sinnið en í það seinna
sinnið var hún al synd. Þarna getur
þú sjeð hún er jafn gáfuð til munns og
handa! alveg einstök, finst þjer ekki?
Ranka og Silla eru nýbúnar að fá sjer
vetrar-kápur, þær eru svo viktugar
síðan þær fengu þær, að jeg fæ ekki að vera
í friði fyrir þeim, þær segja að jeg verði

að fá mjer kápu, ef ekki mín vegna, þá
þá þeirra sem gangi með mjer á götunni
(það eru víst þær) Ranka hringir á hverjum
degi til þess að fá mig með í bæinn til
þess að skoða kápur, svo fórum við venjulega
einu kápulánaða úr hverri búð til þess að
sýna váðinu á Laugarveg 66. Þar eru þa
allar dæmdar ófærar úr allavar misk
unar, svo verður að bíða þangað til
næsta sending kemur, þá byrjar sama
ballið aftur. Nú eru þær komnar á þá skoð-
un að kápan sem jeg sýndi þeim fyrst
væri best, þó hún væri í alla staði óhæf
þegar jeg ætlaði að kaupa hana. Kristín
lánaði mjer bílinn hans Helga síns, til
þess að fara nú og kaupa kápuna, en
viti menn, þá var hún seld fyrir
~~hálft~~ hálfri stundu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Torfi Hjörtarson ætlar að fara að setja upp lögfræðingsskrifstofu, mjer var sagt, að hann ætli að leigja þar sem blómaverslunin Sóley er frú Hansen verður að fara þar sem hún stendur ekki í skilum með húsaleiguna, Torfi bað mig einu sinni að skila kveðju til þín og geri jeg það hjer með. Ekki er jeg farin á neitt námskeiðið enn síðan þú fórst, en það er svo sem hægt að fara á mörg en þá.

Jeg fer oft á bíó með Lárusi, jeg skrifa þetta til þess að þú vitir að við erum altaf saman hann hefur ekki smakkað vín í hálft ár. Hann biður að heilsa þjer.

Vertu nú sæl góði bróðir minn

þín

Stella

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 16. nóv. '31.

Reykjavík, 16. oktober 1931

Kæri bróðir minn!
Það er nú nokkuð langt síðan jeg hefi skrifað þjer, en jeg vona, að þú fyrirgefir mjer það, því að jeg hefi haft svo margt að gera. Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir (kort) myndir af þjer, rjettara sagt, sem mjer þótti mjög gaman að fá.
Nú er skólinn byrjaður enn þá einu sinni. Þar gengur alt sinn vana gang, Pálmi er hinn besti viðureignar - enn sem komið er. Nú kennir Reddi okkur ekki lengur sögu, þar eð orðinn svo fáir bekkir í skólanum, að karlinn var, hefði bara orðið ómagi á skólanum, ef hann hefði kent. Bardi kennir okkar bekk í staðinn, og er hannágætur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kennari. Þorleifur kennir mjer nú latínu, hann hefir ekki kent mjer áður, og finst mjer hann heldur ömurur. Nú er fröken(n)in hætt að kenna í Mentaskólanum, og kennir hún nú í Flensborg. Það var ekkert handa henni að gera í skólanum, og ekki nóg enskukensla handa Boga, en nú kennir hann í öllum bekkjum ensku. [1., 2., og 3. bekkur eru einskiftir, en 4., 5. og 6. eru tvískiftir, bara A og B deildir, en engin C eins og áður var]. Jeg veit ekki, hvort þú kærir þig um að fá skólaskýrsluna, en ef svo er, þá get jeg sent þjer hana. Við erum 11 í mínum bekk og 10 í 6. B, svo að ekki er það sjerlega margt. Tveir strákar, sem fengu hæstu einkun í fyrra í skólanum yfir 7.40, voru þá í 4. bekk, en lásu 5. bekk utanskóla í sumar og eru nú komnir í 6. B. — Birgir Einarsson (Jónssonar sýslum.)

er nú inspector scholae, en hann er nú ekki upp á það allra besta.

Sigurbjörn Einarsson, sem sagði sig úr skóla í fyrravor, las 6. bekk utanskóla í sumar og er nú búinn að taka stúdentspróf, annars stendur um þetta í Mogga í gær (miðv.d.).

Jeg skal nú segja þjer, að mjer til hinnar mestu raunar verð jeg nú að hætta, því að annars kem jeg ekki blöðunum á póstinn.

Vertu sæll, Bjarni minn,

þín Ranka.

Heyrðu, varst þú búinn að fá árbók Háskól. með fylgiriti eftir Ágúst Bj.? Ef þú vilt fá hana, þá skaltu segja mjer það.

R.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 6. des. '31.

Reykjavík 25. nóv. 1931

Elsku bróðir minn!

Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjef, sem jeg fekk frá þjer í gær. Það er nú lítið, sem jeg hefi að segja í frjettum, nema þetta vanalega úr skólanum. Jeg hafði búist við því, að 6. bekkur væri miklu ljettari en 5. bekkur, en nú sje jeg, að svo er ekki. Satt að segja er jeg orðin svo leið á þessum lærdómi öllum saman, að jeg verð sennilega dauð af leiðindum þegar þessu loksins er lokið. – Þú virðist ekki halda ýkja mikið upp á hann Barða, en hvað sem því viðvíkur, þá er hann ágætis kennari, og jeg hefi aldrei skilið gang sögunnar fyr heldur en núna; ~~þá~~ nú er svo lítið ljós að renna upp fyrir mjer um þessa flokka og alt það. Jæja, annars

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en flestir kennararnir heldur leiðinlegir, nema helst hann Snári, jeg held reglulega mikið upp á hann. En það er nú ef til vill von til þess, að vesalings kennararnir verði leiðir á því að troða inn í lata nemendur ár frá ári. - Jæja, það er nú eins og jeg sje að halda fyrirlestur minna, en það er ekki ætlunin.

Blessunin, þú getur ekki lesið í friði fyrir gestum, jafnvel þó að þú sjert svona langt frá öllum, jeg er farin að halda, að þú hafir lítið meira næði minna, heldur en þegar þú varðst altaf að hlusta á eldhússkjaftið forðum daga.

Jeg hefi víst sagt þjer frá norska manninum, sem var samferða suður í sumar með „Nóvu". Hann ætlaði að koma hingað aftur í haust, en svo kom þetta innflutningsbann, og af því að maðurinn var úrkaupmaður, þá þýddi auðvitað ekkert fyrir hann að koma. Þú getur nú sjeð í-

myndað þjer, hvort jeg sje ekki á móti innflutningsbanninu.

Það er annars einkennilegt þetta trúlofaða fólk, það má aldrei minnast á kærastann eða kærustuna við það. Sveinn verður altaf vondur, ef minst er á Ingu, Silla verður altaf vond, ef minst er á Bjarna, og jeg geri ráð fyrir, að þú verðir vondur, ef minst er á Sillu, og þess vegna vil jeg ekki minnast á hana einu orði.

Ekki veit jeg nú almennilega, hvað þú meinar þegar þú ert að tala um þennan Mentaskólaanda í honum Gunnari Möller, en annars hefi jeg altaf ímyndað mjer hann heldur leiðinlegan. Þú hefur ekkert talað um þessar greinar, sem komið hafa í Vísi um norðurferð okkar í vor. Þykir mjer það benda á það átt, að þú sjert á móti okkur, og finst mjer það leiðinlegt. Annars ætla jeg að geta þess, að við hefðum aldrei farið að skrifa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svona, ef prófessor Guðm. Bárðarson hefði ekki sagt í grein í Mogga í sumar, að við hefðum sagt ósatt frá. Fanst okkur engin ástæða til þess, að hrósa þeim illþýði, og reyndar heldur ekki ástæða til þess að setja út á það að ástæðulausu, en úr því að Gvendur fór að skipum Sigga gráa og skrifaði, þá var engin ástæða til þess að þegja. Nú seinast í Vísi í gær, skrifa þessi fífl að norðan ógurlega skammar-grein til okkar, þar sem þeir kalla okkur götu-stráka og svo frv., en sennilega lest þú hana nú. Jeg get varla hugsað mjer annað, en að þú gjörir okkar megin, að minsta kosti ættir þú að vera það.

Nú er nýkomið út Skólablað Mentaskólans, en það er heldur ómerkilegt, og finst mjer ekki ómaksins vert að senda þjer það.

Nú er verið að halda skriflegt ~~fr~~ próf í öllum bekkjum til undirbúnings fyrir vorprófið, en 6. bekk-ingar eru svo heppnir að sleppa við það, því að við eigum ekki að hafa skriflegt próf í vor, sem lektor fer-þeja, nú er sennilega best að hætta. Vertu bless[illegible] og sæll, þín systir Ranka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur